

Dómsorð:

Stefndu, Kristín J. Benediktsdóttir, Haukur Friðriksson og Baldvin Einarsson f. h. Almennra trygginga h/f, eiga að vera sýkn af öllum kröfum stefnandans, Guðbergs Jónasar Márussonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 13. maí 1976.

Nr. 40/1976. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Sigurði Arthúr Gíslasyni

(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaranir **Magnús Þ. Torfason**, **Benedikt Sigurjónsson**, **Björn Sveinbjörnsson**, **Logi Einasson** og **Þór Vilhjálmsson**.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Ragnar Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum máls eru málavextir þeir, að föstudagskvöldið 24. nóvember 1972 var hann við drykkju í húsi nokkru við Snorrabraut hér í borg frá því um klukkan 2200 til miðnættis. Frá Snorrabraut ók hann bifreið sinni, G 5045, að Umferðarmiðstöðinni. Dvaldist hann þar til um klukkan 0300 um nóttina. Hugðist hann þá halda til Hafnarfjarðar í bifreið sinni, en er hann ók austur Stórholt, sáu tveir lögreglumenn til ferða hans. Veittu þeir honum eftirför og stöðvuðu bifreið hans á Nóatúni á móts við veitingahúsið Röðul. Segir í lögregluskýrslu, að ökumaður bifreiðarinnar G 5045 hafi þá verið áberandi ölvaður.

Lögreglumennirnir tóku bifreiðina í sína vörslu, en færðu

ákærða í lögreglustöðina við Hverfisgötu. Var hann leiddur fyrir lögregluvarðstjóra og síðar tekið úr honum blóðsýni til alkóhólákvörðunar, og reyndust í því 1.50% alkóhóls. Í skýrslu varðstjóra segir, að ökumaður hafi sýnilega verið undir áfengisáhrifum og erfitt hafi verið að henda reiður á framburði hans. Sagði ákærði lögreglumönnum rangt til nafns, en í ákæru er honum eigi gefið það að sök. Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis.

Með framburði ákærða, niðurstöðu alkóhólrannsóknar á blóðsýni úr honum og frásögn lögreglumanna í skýrslum þeirra er sannað, að ákærði hafi ekið bifreiðinni G 5045 undir áhrifum áfengis, svo sem að framan er rakið.

Með dómi sakadóms Akraness 10. febrúar 1972 var ákærði sviptur ökuleyfi 4 mánuði frá birtingu þess dóms að telja. Dómurinn var birtur ákærða 3. ágúst 1972, en eigi 3. september, eins og í sakavottorði hans segir. Ákærði ók því bifreiðinni G 5045 sviptur ökuleyfi, enda öðlast hann ekki ökuréttindi af nýju samkvæmt dómi þessum fyrr en 3. desember 1972.

Brot ákærða, þau er nú voru rakin, varða við 2. og 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 svo og við 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Hinn 25. nóvember 1972 skoðaði bifreiðaeftirlitsmaður bifreiðina G 5045. Segir í skýrslu hans, að stöðuhemill hafi verið óhæfur, en stefnuljós, stefnuljósarofi, hjólbarðar, hliðarrúður, útblástur, hljóðdeyfir o. þ. h. hafi verið í lélegu ástandi. Í lok skýrslunnar segir: „Þarfnast viðgerðar strax og færist til endurskoðunar í síðasta lagi 30/11 1972“.

Ákærði ber, að bifreiðin hafi verið skoðuð í Hafnarfirði 16. nóvember 1972, er hún hafi verið umskráð, án þess að nokkuð hafi verið fundið að ástandi hennar. Segir hann stefnuljós bifreiðarinnar hafa gengið of hratt öðrum megin og hljóðkútinn efalaust hafa verið lélegan, en hann telji hjólbarða ekki hafa verið eins slæma og í skýrslunni greinir. Þá kveður hann hliðarrúður þær, er í skýrslunni getur, hafa verið á farangursgeymslu, en bifreiðin sé af „station“-gerð.

Ákærði hefur viðurkennt, að sérstaka aðferð hafi þurft til að taka bifreiðina úr handhemli. Samkvæmt því svo og skýrslu bifreiðaeftirlitsmanns verður byggt á því, að stöðuhemill hafi verið í óhæfu ástandi. Hefur ákærði með því brotið 2. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga. Að öðru leyti þykir varhugavert að telja, að bifreiðin hafi verið svo vanbúin til aksturs, að ákærða verði dæmd refsing af þeirri ástæðu, enda hefur bifreiðaeftirlitsmaðurinn, sem skoðaði bifreiðina, ekki komið fyrir dóm.

Samkvæmt 1., 3. og 4. mgr. 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi, en brot hans gegn 2. og 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga er ítrekað brot.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá 10. desember 1975 að telja, en þann dag var ákærða birtur hinn áfrýjaði dómur.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 25.000 krónur.

Rannsókn máls þessa er áfátt og óhæfilegur dráttur hefur orðið á rekstri þess.

Brot ákærða er framið aðfaranótt 25. nóvember 1972, og þann dag yfirheyrir rannsóknarlögreglumaður hann. Vottorð um alkóhólrannsókn er dagsett 1. desember 1972. Gögn máls eru send frá sakadómi Reykjavíkur til bæjarfógetans í Hafnarfirði 23. maí 1973. Þaðan eru þau send 15. október 1973 saksóknara ríkisins til fyrirsagnar og þess getið, að ákærði sé þá búsettur í Vestmannaeyjum. Ákæra er gefin út 28. nóvember það ár og málsskjöl send bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum og þess krafist, að hann ljúki rannsókn málsins og leggi dóm á það. Hinn 13. maí 1974 er ákærði yfirheyrður fyrir sakadóm Vestmannaeyja og málið dómtekið, en dómur kveðinn upp 28. júní það ár. Hinn 6. október 1975 sendir

bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum dómsgerðir málsins bæjarfógetanum í Keflavík með beiðni um, að dómur verði birtur ákærða.

Enn fremur athugast, að héraðsdómari hefur kastað höndum til samningar dóms.

D ó m s o r ð :

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða, Sigurðar Arthúrs Gíslasonar, og um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Hann er ævilangt sviptur ökuleyfi frá 10. desember 1975 að telja.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálm Pórhallssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 28. júní 1974.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 13. maí sl., er höfðað með ákæru saksóknara ríkisins, dagsettri 28. nóvember 1973, á hendur Sigurði Arthúr Gíslasyni, Holtsgötu 10, Hafnarfirði, „fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 25. nóvember 1972 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum bifreiðinni G 5045, vanbúinni til aksturs, frá húsi við Snorrabraut í Reykjavík að Umferðarmiðstöðinni og þaðan aftur, en þá stöðvuðu lögreglumenn akstur hans á Nóatúni móts við veitingastaðinn Röðul.

Telst þetta varða við 2. mgr. 4. gr., 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 2. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengisлага nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengisлага og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærði er sakhæfur. Hann er fæddur 12. ágúst 1950 í Hrísey, Eyjafjarðarsýslu, og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1965 17/12 á Akranesi: Áminning fyrir brot á 108. gr. hegningarlaga, umferðarlögum og lögreglusamþykkt Akraness.
- 1966 13/10 á Akranesi: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.
- 1967 20/9 á Akranesi: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 49. og 50. gr. umferðarlaga.
- 1967 17/10 á Akranesi: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga.
- 1968 16/3 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1968 16/5 á Akranesi: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga.
- 1968 5/8 í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1968 27/12 á Akranesi: Sátt, 3.500 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 7 mánuði frá 9. júlí 1968.
- 1968 27/12 á Akranesi: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1969 21/1 á Akranesi: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1969 5/12 á Akranesi: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1970 13/2 á Akranesi: Dómur: Fangelsi í 45 daga, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1972 10/2 á Akranesi: Dómur: 5.000 kr. sekt fyrir brot á 1. og 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá 3. september 1972.

Málsatvik eru þau, sem hér segir:

Í skýrslu lögreglunnar í Reykjavík frá 25. nóvember 1972 kemur fram, að lögreglan hafi veitt bifreið ákærða, G 5045, kl. 3 um nóttina fyrrnefndan dag, er henni var ekið austur Stórholt og stöðvuðu síðan akstur hennar á Nóatúni á móts við veitingahúsið Röðul (sic). Í skýrslu lögreglunnar kemur fram, að sterkan áfengisþef lagði frá vitum ökumanns, er reyndist vera ákærði, enda viðurkenndi hann að vera undir áhrifum áfengis við aksturinn og sagði aðspurður af varðstjóra að hafa neytt áfengis frá klukkan 10 kvöldið áður.

Tekið var blóðsýni úr ákærða, og sýndi niðurstaða hennar (sic) samkvæmt vottorði rannsóknastofu í lyfjafræði, að 1.50% voru í blóði hans í greint sinn.

Dómarinn hefur haft mál þetta til meðferðar frá því í mars sl., en 6. mars 1974 barst embættinu bréf frá saksóknara ríkisins um, að lokið skyldi rannsókn málsins og það tekið til dómsálagningar samkvæmt meðfylgjandi ákæru. Ákærði, sem er sjómaður og var nú búsettur að Miðstræti 28, kom nú fyrir dóminn 13. maí sl.

Eftir að ákærða hafði verið kynnt tilefni fyrirkallsins, kvaðst hann kannast við málið, en ekki hafa verið yfirheyrður af dómara fyrir varðandi þetta mál. Hann kvað lögregluskýrslur allar réttar og játaði að hafa ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis, sviptur ökuréttindum, umræddan dag, en gerði nokkrar athugasemdir um vanbúnað í tilgreiningu bifreiðaeftirlitsmanns á bifreið sinni, en viðurkenndi hennar til aksturs að öðru leyti (sic).

Ljóst er, að samkvæmt fyrningarreglum laga 19/1940, að mál þetta er ófyrnt, og verður því lagður dómur á hegðun ákærða samkvæmt framkominni kröfu saksóknara ríkisins.

Með eigin játningu ákærða hjá lögreglu og fyrir dómi, sem er í samræmi við önnur gögn máls þessa, þykir nægilega sannað, að ákærði hafi brotið þau ákvæði, er í ákæruskjali greinir, og þar er refsiverðri hegðun hans rétt lýst. Eins og fram kemur í saka-vottorði, var ákærði með dómi sakadóms Akraness frá 10. febrúar 1972 dæmdur í 5.000 króna sekt fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum, og sviptur var hann ökuleyfi í 4 mánuði frá 3. september 1972 að telja. Framangreindur dómur hefur ítrekunaráhrif á brot það, er hér er fjallað um, og verður ákærða því dæmd refsing í samræmi við það.

Refsing ákærða þykir samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af sakaferli ákærða hæfilega ákveðin þannig:

Ákærði sæti varðhaldi í 20 daga, og sviptur skal hann rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Arthúr Gíslason, sæti varðhaldi í 20 daga.

Ákærði er sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.